

Örugg matvæli – allra hagur!

Morgunblaðið/Sverrir

Kræklingur „Skelfiskur er herramannsmatur en getur innihaldið ýmis óæskileg efni sem neytendum getur stafað hættu af.“

Kostnaðarsamt eftirlit með kræklingarækt

Skelfiskur er herramannsmatur en getur innihaldið ýmis óæskileg efni sem neytendum getur stafað hættu af. Eiginleiki skelfisks til að sía næringarefni úr sjó verður einnig til þess að hættuleg þörungaeitur og örverur geta safnast upp í holdi dýrsins ef eitraðir þörungar og örverur eru til staðar í sjónum. Til að tryggja öryggi skelfisks til neyslu er þörf á viðtæku eftirliti og kostnaðarsömum eiturefnamælingum samkvæmt þeim reglugerðum sem um þetta gilda.

Að undanförnu hefur kostnaður við sýnatöku vegna greiningar þörungaeiturs og annarra eiturefna í kræklingi verið til umfjöllunar í fjölmiðlum og því haldið fram að taka ætti upp nýjar og ódýrar aðferðir við greiningu þessara eiturefna nú í haust. Því miður fela þessar hugmyndir ekki í sér minni sýnatökukostnað fyrir skelfiskræktendur því að viðurkennd aðferðafræði við greiningu þessara efna er skilgreind í lögum og reglugerðum og verður ekki breytt nema með breytingum á löggjöf Evrópusambandsins. Matvælastofnun verður að uppfylla alþjóðlegar kröfur við greiningar og eftirlit með framleiðslu skelfiskafurða sem í dag er bæði tímafrekt og kostnaðarsamt.

Samkvæmt íslenskri löggjöf er almenna reglan sú að framleiðendur skuli standa straum af kostnaði við lögbundið eftirlit með eigin framleiðslu til að tryggja heilnæmi henn-

ar. Taka þarf sýni vikulega til greiningar á eitruðum þörungum og þörungaeitri á þeim tímum sem uppskera er í gangi. Matvælastofnun er ábyrg fyrir greiningum á eiturþörungum í sjó en framleiðendur eru ábyrgir fyrir lögbundnum greiningum á eigin framleiðslu. Í þessu tilfelli eru það þörungaeitursmælingar sem eru kostnaðarsamar og kræklingarækt, sem er ung atvinnugrein hérlendis, stendur vart undir þeim kostnaði. Matvælastofnun mun fyrst um sinn greiða fyrir þörungaeitursgreiningar einu sinni í mánuði en tíðni mælinga ræðst af áhættumati. Frekari fjárframlaga er þörf ef stofnunin á alfarið að standa undir þeim kostnaði er hlýst af eftirlitinu. Það er því stjórnvalda að ákveða hvort styðja eigi við greinina með frekari fjárframlögum.

Þær ströngu kröfur sem gerðar eru til eftirlits með skelfiskframleiðslu miða að því að tryggja heilnæmi skelfisks á markaði. Mest er um eiturþörungum á sumrin og er þumalputtareglan að ekki skuli tína krækling í r-lausum mánuðum (maí, júní, júlí og ágúst) gulls ígildi, en hún er engan veginn nægjanleg ef markaðssetja á krækling og annan skelfisk. Þeim sem hyggjast tína krækling er bent á að skoða vöktun eiturþörungum á www.hafro.is áður en lagt er af stað í slíkan leiðangur.

Þór Gunnarsson, fagsviðsstjóri hjá Matvælastofnun